

50. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skiptingu á Þingeyjar prófastsdæmi í tvö.

1869.
29. maí.

Þá er kirkju- og kennslustjórninni hafði borizt bréf yðar, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, dagsett 27. marzmán. þ. á., bar hún málefni það, sem þar er um rædt, upp fyrir konungi, og hefir hans hátign þóknast að fallast á 26. þ. m. samkvæmt tillögum stjórnarráðsins, að skipta megi Þingeyjar prófastsdæmi, sem nú er, í tvö prófastsdæmi, þannig að þessi fimm braud: Garður í Kelduhverfi, Skinnastaðir, Presthólar, Svalbarð í Þistilfirði og Sauðanes verði eptirleidis prófastsdæmi útaf fyrir sig, er heiti Norður-Þingeyjar prófastsdæmi, og hin 11 brauðin í prófastsdæminu verði annað prófastsdæmi, er heiti Suður-Þingeyjar prófastsdæmi.

Þetta skal yður hér með kunngjört, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörði ráðstafanir þær, sem með þarf.

51. Bréf kirkju og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.

29. maí.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með bréfi yðar 1. þ. m., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju um sig:

Uppgjafapresti Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi . 15 rd.

— Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Staðar-

hrauni 50 -

— Jóni Sigurðssyni frá Söndum 50 -

1869.	Uppgjafapresti Stefáni Hanssyni úr Fljótshlíðarþingum	15 rd.
29. maí.	Prestsekkju Helgu Jónsdóttur	30 -
	— Helgu Guðmundsdóttur	10 -
	— Salbjörgu Jónsdóttur	20 -
	— Helgu Arnfinnsdóttur	5 -
	— Guðrúnu Vernharðsdóttur	15 -
	— Oddnýju Ingvarsdóttur	20 -
	— Þóru Auðunardóttur	20 -
	— Elínu Einarsdóttur	30 -
	— Marenu Níelsdóttur	10 -
	— Guðbjörgu Aradóttur	10 -
	— Valgerði Einarsdóttur	5 -
	— Guðríði Helgadóttur	10 -
	— Sigríði Jónsdóttur	10 -
	— Guðlögu Guttormsdóttur	10 -
	— Kristínu Gunnarsdóttur	7 -
	— Margrètu Magnúsdóttur	8 -
	— Guðrúnu Ingvarsdóttur	20 -
	— Guðnýju Jónsdóttur	15 -
	— Solveigu Magnúsdóttur	10 -
	— Kristínu Eiríksdóttur	12 -
	— Þorbjörgu Jónsdóttur	18 -
	— Margrètu Narfadóttur	40 -
	— Guðlögu Eiríksdóttur	15 -
	— Guðrúnu Jónsdóttur	10 -
	— Þórunni Ásgrímsdóttur	10 -

Þetta skal yður hér með til vitundar gefið, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörið það þeim, sem hlut eiga að máli, og um leið og vèr vísum til bréfs stjórnarráðsins 15. júlímán. 1865, skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.